

Málsnúmer: 2023030031

Móttekið: 9.11.2023

Upplýsingar um framkvæmd menningarverkefnis

Upplýsingar um verkefni

Heiti verkefnis

Vetrarljós á Veturnóttum

Styrkhafi

kol & salt ehf

Forsvarsmaður verkefnis

Elísabet Gunnarsdóttir

Styrkupp hæð

250.000

Dagsetning úthlutunar

15. mars 2023

Um framkvæmd verkefnis

Yfirlit yfir framkvæmd verkefnisins og stöðu þess

Verkefninu er lokið, undirbúningur fór fram í aðdraganda Veturnátta sem fram fóru 25. ? 29. október. Allir helstu þættir verkefnisins komu til framkvæmda á hátíðinni. Það er von okkar sem stóðum að verkefninu að framhald geti orðið á og verkefnið þróast og vaxið með hverju árinu.

Var framkvæmd og umfang verkefnisins í samræmi við umsókn? Var haft samráð við Ísafjarðarbæ ef breytingar voru gerðar á verkefninu?

Þar sem verkefnið hafði mun minni fjármuni til umráða en lagt var upp með þurfti að sníða því stakk eftir vexti. Samt sem áður tókst að framkvæma flesta þætti þess og jafnframt virkja þjónustu- og verslunareigendur í miðbænum til þátttöku. Mikil og góð samvinna átti sér stað við leik- og grunnskólana á svæðinu sem sendu inn skrímslateikningar fyrir hreyfimyndband sem varpað var á glugga og vegg. Nemendur í Menntaskólanum á Ísafirði og Lýðskólanum á Flateyri tóku þátt í hönnunarsamkeppni fyrir vetrarlampa og var afrakstrinum stillt út í annars tóma glugga við Silfurtorg sem vakti óskipta ánægju almennings. Nokkrir eigendur glugga veittu góðfúslega leyfi fyrir vörpun ljósverka Ruth McDermott á glugga og einhverjir voru með sértílbod á varningi. Mikið og gott samstarf var við umsjónarmann hátíðarinnar hjá Ísafjarðarbæ og við starfsmenn áhaldahússins sem aðstoðuðu við uppsetningu og niðurtækt ljósa í miðbænum. Haukur Sigurðsson var fenginn til að ljósmyndina stemmninguna og tókst það með ágætum.

Urðu verulegar breytingar á þeirri fjárhagsáætlun sem skilað var inn með umsókn um styrk eða breyttist áætluð fjárför eftir að framkvæmd verksins hófst?

Auk styrks frá Ísafjarðarbæ hlut verkefnið stuðning frá Orkubúi Vestfjarða og úr Uppbyggingarsjóði Vestfjarða. Aðrir styrkir sem sótt var um s.s. ferðastyrkir fyrir Ruth McDermott ljósahönnuð til Ísafjarðar frá Sydney fengust ekki að þessu sinni. Eigið framlag kol&salt ehf var aukið til muna svo hægt væri að framkvæma verkefnið.

Annað sem höfundur vill koma á framfæri

Við þökkum stuðninginn, án hans hefði verkefnið ekki orðið að veruleika!

Um umsóknina

Staðfestingarnúmer: 1260 **Staðfestingarmáti:** Íslykill í gegnum island.is **Dagsetning:** 9.11.2023 12:37:06